

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 328/2023

2024/EES/48/31

frá 8. desember 2023

## um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1625 frá 14. september 2016 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1406/2002 um stofnun Siglingaöryggisstofnunar Evrópu <sup>(1)</sup>.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

## 1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 56o (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1406/2002) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„— **32016 R 1625:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1625 frá 14. september 2016 (Stjtið. ESB L 251, 16.9.2016, bls. 77).“

## 2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2016/1625, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. desember 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (\*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 327/2023 frá 8. desember 2023 <sup>(2)</sup>, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

## 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. desember 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Pascal Schafhauser**

formaður

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 251, 16.9.2016, bls. 77.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L, 2024/1423, 13.6.2024 og EES-viðbætur nr. 17, 13.6.2024, bls. 59.

**Sameiginleg yfirlýsing samningsaðilanna****vegna ákvörðunar nr. 328/2023 um að fella reglugerð (ESB) 2016/1625 inn í samninginn**

Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1625 er að finna ákvæði með tilvísunum til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1625 og reglugerðar ráðsins (EB) nr. 768/2005, sem varða málefni sem falla utan gildissviðs EES-samningsins. Reglugerð (ESB) 2016/1625 er felld inn í EES-samninginn með fyrirvara um gildissvið EES-samningsins.